

**Ed.**

## **216. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Ingvari Pálmasyni og Birni Kristjánssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „1. júlí það ár til 30. júní“ komi: 30. júní það ár til 29. júní.
2. Við 27. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:  
Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmalaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðrahvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.
3. Við 59. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:  
Í kjördeildum utan kaupstaða og kauptúna þeirra, sem samkvæmt síðasta manntali hafa haft yfir 300 íbúa, er heimilt að halda aukakjörfund daginn fyrir hinn almenna kjördag, ef a. m. k. þriðjungur kjósenda innan kjördeildarinnar sendir undirkjörstjórn skriflega áskorun um það eigi síðar en viku fyrir kjördag. Skal kjörstjórn þá auglýsa aukakjörfundinn tafarlaust.
4. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Aukakjörfund (sbr. 60. gr.) skal setja kl. 2 síðdegis.
5. Við 78. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Hafi aukakjörfundur verið haldinn í kjördeildinni, byrjar athöfnin á kjördegi með því, að oddviti rýfur innsigli fyrir poka þeim, sem kjörgögnin eru geymd í (sbr. 102. gr.), undir nákvæmu eftirliti meðkjörstjóra, frambjóðenda og umboðsmanna. Um þetta skal bóka í kjörbókina.
6. Við 100. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Aukakjörfund skal slitið kl. 7 síðdegis.
7. Við 101. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Að loknum aukakjörfundi skal láta atkvæðakassann í poka þann, sem honum fylgir, ásamt öllum kjörseðlum, kjörbók og kjörskrá. Pokann skal síðan innsigla eftir ákvæðum 108. gr.